



Suðurnesjabær
Jón Ben Einarsson
Sunnubraut 4
250 Suðurnesjabær

Garðabær, 28.4.2025
Málsnúmer: 202503-0028
IAS

Efni: Tillaga að deiliskipulagi við Stafnesveg í landi Miðkots.

Vísað er til erindis frá Suðurnesjabæ, dagsett 10. mars 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar, um tillögu að deiliskipulagi við Stafnesveg í landi Miðkots.

„Ekkert deiliskipulag er nú fyrir svæðið. Nú er verið að deiliskipuleggja fjórar lóðir úr landi Miðkots 2 L130024, fyrir einbýlishús. Samkvæmt aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022 - 2034 er skipulagssvæði þetta skilgreint sem svæði fyrir íbúðarbyggð (IB). Um er að ræða þrjár nýjar lóðir, Stafnesvegur 48, 50 og 52. Einnig stækkun lóðinni á Stafnesvegi 46 (L231914) úr 1.225 m² í 2.002 m². Skipulagssvæðið er í suðurenda skilgreinds þéttbýliskjarna Sandgerðis í u.þ.b. 400 m fjarlægð frá strandlínu, á svæði sem einkennist einna helst af óræktuðum úthaga. Austan við svæðið er Stafnesvegur, norðan er Hólakot og Sunnan er Setberg, og Péturskot.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og kemur með eftirfarandi ábendingar. Skipulagssvæðið er utan verndarsvæða en í næsta nágrenni er mikilvægt fuglasvæði – Rosmhvalanes og svæði tilnefnt af Náttúrufræðistofnun á B-hluta Náttúruminjakrár vegna fjöruvistgerða, fugla og sela -Kalmanstjörn-Garðskagi. Einnig svæði 108 á náttúruminjakrá, Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi, en um það segir í skránni: „Fjölbreyttur strandgróður og ýmsar fjörugerðir. Lífauðugar sjávartjarnir og mikið fuglalíf.“ Mikilvægt er að tekið verði tillit til þessara svæða þannig að þau verði ekki fyrir áhrifum vegna framkvæmda á svæðinu.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur